




NÝ VEGLÍNA YFIR BREKKNAHEIÐI

Breyting á Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027


SKIPULAGSLÝSING



Skipulagssvæðið á gildandi aðalskipulagi - þéttbýlisuppdráttur Þórshafnar 1:10.000

Fyrirhuguð staðsetning náma

0 100 m 500 m 1 km



Skipulagssvæðið á gildandi aðalskipulagi - sveitarfélagsuppdráttur Langanesbyggðar 1:50.000

Fyrirhuguð staðsetning náma

0 1 km 5 km

VIÐFANGSEFNI

Skipulagslýsing þessi er unnin á Teiknistofu Norðurlands fyrir hönd sveitarfélagsins Langanesbyggðar í samstarfi með Vegagerðinni. Lýsingin gerir grein fyrir fyrirhugaðri breytingu á Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 um veglínu Brekknaheiðarvegur og í henni koma fram áherslur sveitarstjórnar, upplýsingar um forsendur og fyrirhugað skipulagsferli í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Með kynningu skipulagslýsingar gefst hagsmunaaðilum og íbúum kostur á að leggja fram ábendingar og sjónarmið við upphaf skipulagsvinnu.

Skipulagið felur í sér breytingu á stofnvegi á þéttbýlisuppdrætti Þórshafnar og sveitarfélagsuppdrætti Langanesbyggðar ásamt skilgreiningu á landnotkunarreitum fyrir efnistökusvæði í samræmi við framkvæmdina. Skipulagssvæðið er 51,3 ha að stærð og nær utanum veghelgunarsvæði fyrirhugaðrar veglínu, 30 m út frá miðlínu til beggja átta. Breytt veglína verður á um 7,9 km kafla frá Langanesvegi að núverandi slitlagsenda í Vatnadal og mun fylgja núverandi veglínu að hluta. Ný vegamót eru fyrirhuguð við Langanesveg um 160 m norðan við núverandi vegamót.

Fyrirhuguð er efnistaka úr námu N1 við Gunnólfsvík og N5 við Rauðabrekku við framkvæmdina. Jafnframt er fyrirhuguð efnistaka úr þremur öðrum nánum sem verða skilgreindar á landnotkunarreitum fyrir efnistöku í skipulagstillögnum og settir verða fram skilmálar um heimild til efnistöku. Þá verða settir fram skilmálar um frágang að verktíma loknum og áhrif á ásynd svæðis. Um er að ræða nýjar námur við 1-Álfasteinsmel (1,77 ha) og norðan við 2-Tryggakofa (1,72 ha) og eldri námu norðan vegar í Vatnadal, 3-Brekknanáma (0,27 ha). Á uppdráttum hér til hliðar er staðsetning námanna sýnd.

ÁHRIFAMAT

Fyrirhuguð framkvæmd fellur í B flokk samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Breytt veglína Brekknaheiðarvegur fellur undir tölulið 10.08 og jafnframt er fyrirhuguð að nýta fleiri en einn efnistökuastað sem heyrir undir lið 2.02. Framkvæmdir sem falla undir flokk B kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og eru tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar sem mun meta hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Vegagerðin er framkvæmdaraðili og tilkynnir framkvæmdina.

Í tillögnum verður gerð grein fyrir áhrifum á umhverfið í samræmi við 4.4.1 gr. skipulagsreglugerðar 90/2013. Fjallað verður um áhrif áætlunarinnar á valda umhverfisþætti svo sem fornminjar, ásynd, byggð, landnotkun, samgöngur og samfélag. Framkvæmdin er í samræmi við stefnur stjórnvalda í samgönguáætlun um að efla grunnnet samgangna og mun framkvæmdin hafa jákvæð áhrif á samgöngur og byggð í Langanesbyggð. Fornleifastofnun Íslands vann skráningu á fornleifum á áhrifsvæði fyrirhugaðrar veglínu árið 2019 og tekið verður mið af þekktum fornleifum í skipulaginu.

SKIPULAGSFERILL

Skipulagslýsing þessi verður auglýst í staðarblaði, hún verður aðgengileg á skrifstofu sveitarfélagsins og heimasíðu þess www.langanesbyggd.is. Kynningartími skipulagslýsingar og skilafrestur ábendinga mun koma fram í auglýsingu. Leitað verður umsagna til samráðsaðila og lögbundinna umsagnaraðila. Einnig verður óskað eftir ábendingum um efni lýsingarinnar og fyrirhugaða aðalskipulagsbreytingu frá almenningi og hagsmunaraðilum. Ábendingar skulu vera skriflegar og merktar „Brekknaheiði - skipulagslýsing“ og skal nafn sendanda, kennitala og heimilisfang koma fram. Þær skal senda á:

Langanesbyggð
Fjarðarvegur 3, 680 Þórshöfn
eða á netfangið skipulag@langanesbyggd.is

Í framhaldi verður unnin tillaga að breytingu á aðalskipulagi sem kynnt verður á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Tillagan verður kynnt sveitarstjórnnum aðliggjandi sveitarfélaga og annarra sem hagsmuna kunna að gæta vegna skipulagsins. Að lokinni kynningu er tillagan lögð fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu og send Skipulagsstofnun til athugunar. Í framhaldi verður tillagan auglýst með formlegum hætti skv. 31. gr. skipulagslaga með a.m.k. sex vikna athugasemdafresti. Þegar frestur til athugasemda er liðinn tekur sveitarstjórn afstöðu til athugasemda sem borist hafa. Sveitarstjórn samþykkir þá tillögu að aðalskipulagsbreytingu og sendir Skipulagsstofnun til staðfestingar um gildistöku. Skipulagsstofnun auglýsir staðfestingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Áætluð tímalína skipulagsferlis:

Lýsing auglýst, febrúar 2022, a.m.k. 3 vikna athugasemdafrestur.
Drög kynnt á almennum fundi, mars/apríl 2022.
Tillaga auglýst í maí 2022, 6 vikna athugasemdafrestur.
Stefnt að gildistöku skipulagsins sumarið 2022.